

AUGLÝSING

(III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

1. Hólmavíkurhreppur.

Úthluta skal til báta/skipa sem heimahöfn eiga á Hólmavík og landa aflanum í heimahöfn enda séu eigendur þeirra skráðir með búsetu í Hólmavíkurhreppi og skráðir þar þegar auglýstur umsóknarfrestur rennur út og hafi haft atvinnu af fiskveiðum eða fiskvinnslu s.l. fiskveiðiár. Ekki koma til greina þær útgerðir sem leigt eða selt hafa kvóta frá sér á síðasta fiskveiðiári eða landað hafa utan heimahafnar nema um sjóskaða hafi verið að ræða eða stórkostlega vélarbilun. Úthlutunin skal vera jöfn milli allra þeirra sem úthlutun fá en ekki hlutfallsleg.

2. Stykkishólmsbær.

Skipta skal byggðakvóta Stykkishólmsbæjar milli báta, þeirra útgerða sem stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu vertíðum og skráðir eru í Stykkishólmi 31. desember 2004, þannig:

1. 90% skiptast á grundvelli aflahlutdeildar í hörpuskel kvótaárið 2004/2005.
2. 10% skiptast milli báta, með veiðireynslu í hörpuskel fiskveiðiárið 2001/2002 og 2002/2003 sem varanlega aflahlutdeild í hörpuskel er ekki bundin við, enda eigi eigendur þeirra ekki annan bát, sem aflahlutdeild í hörpuskel er bundin við 31. desember 2004.

Kvótinn verði veiddur af bátum í bæjarfélaginu og unninn á staðnum.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. febrúar 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.